

Félag náms- og starfsráðgjafa  
Kennarahúsinu v/ Laufásveg  
101 Reykjavík

Nefndasvið Alþingis  
Menntamálanefnd  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík 16. nóvember 2005

### **Umsögn um þingskjal 14-14. mál á 132. löggjafarþingi 2005-2006**

#### **Þingsályktunartillaga um eflingu náms- og starfsráðgjafar í grunn- og framhaldsskólum.**

Félag náms- og starfsráðgjafa (FNS) fagnar þingsályktunartillögu um eflingu náms- og starfsráðgjafar í grunn- og framhaldsskólum. Félagið telur málið brýnt þar sem náms- og starfsráðgjöf hérlendis hefur verið í örri þróun og mótun síðastliðna tvo áratugi. Því er mikilvægt að fjalla um náms- og starfsráðgjöf, starfsemi og starfshætti náms- og starfsráðgjafa í grunn- og framhaldsskólum. Félagið vill koma á framfæri eftirfarandi athugasemdum við þingsályktunartillöguna.

#### **Almennt álit**

FNS er sammála flutningsmönnum þingsályktunartillögunnar um mikilvægi þess að kanna **gagn og gildi náms- og starfsráðgjafar sem úrræði gegn brottfalli í framhaldsskólum** og fyrir **farsælt náms- og starfsval**. Vel ígrundað náms- og starfsval er ein besta forvörn gegn brottfalli úr námi og leggur grunn að ánægjulegum og árangursríkum starfsferli einstaklinga. Náms- og starfsráðgjafar í grunn- og framhaldsskólum eru þeir fagaðilar innan menntastofnana sem sinna náms- og starfsráðgjöf og fræðslu um nám og störf. Það er mat FNS að auka verði markvissa náms- og starfsráðgjöf og náms- og starfsfræðslu á báðum skólastigum til að sporna við brottfalli sem hefur ófyrirsjáanlegar afleiðingar fyrir einstaklinginn og samfélagið. Það er mjög brýnt að móta **heildstæða stefnu og sýn á náms- og starfsráðgjöf á Íslandi** til að tryggja að fagleg umræða eigi sér stað. Lagalegur rammi um menntun og störf náms- og starfsráðgjafa á framhaldsskólastigi er mjög skýr og er vísað í

reglugerð nr. 5/2001 um starfslíð og skipulag framhaldsskóla. Hinsvegar þarf að vera skýrari ákvæði um menntun og störf náms- og starfsráðgjafa í grunnskólum. Mikil endurskoðun stendur nú yfir á meistaranámi í náms- og starfsráðgjöf við Háskóla Íslands og brýnt að menntamálayfirvöld styðji við þá uppbyggingu með auknu fjármagni. Stefnumótun í náms- og starfsráðgjöf er í endurskoðun í alþjóðasamhengi og nauðsynlegt að Ísland taki þátt í þeirri umræðu.

Fram kemur í tillögunni að nefnd á vegum menntamálaráðherra kanni ástæður þess að svo stór hluti nemenda velji bóknám að loknum grunnskóla og hver séu áhrif foreldra og kennara á náms- og starfsval. Í því samhengi er vert að benda á að starf náms- og starfsráðgjafa felst meðal annars í því að víkka sjóndeildarhring nemenda með tilliti til náms og starfs þannig að þeir öðlist færni í að leita upplýsinga um nám og störf og þjálfist í að taka upplýstar ákvarðanir um framtíð sína sem byggjast á persónulegri sýn þeirra, áhugasviðum, gildum og viðhorfum. Hinsvegar hefur lengi skort á að náms- og starfsráðgjafar og ráðþegar/skjólstæðingar þeirra hafi greiðan aðgang að upplýsingum um nám og vinnumarkaðinn sem byggja þarf slíkar ákvarðanir á<sup>1</sup>. Náms- og starfsráðgjafar hafa einnig fundið fyrir því í starfi sínu að nemendum finnist starfsnámi ekki gert eins hátt undir höfði og bóklegu námi, bæði í samfélaginu og skólakerfinu. Vægi á milli bóknáms og verknáms er því síðarnefnda í óhag. Til að hægt sé að skoða samhengi þess að nemendur velji frekar bóknám frekar en verknám þarf að koma til öflugra samstarfs á milli menntamálayfirvalda og vinnumarkaðarins og kanna nýliðun í iðn- og tæknistörfum auk framhaldsnáms á æðra skólastigi.

FNS vill leggja áherslu á mikilvægi þess að framkvæma mat á náms- og starfsráðgjöf á Íslandi og skoða stöðu hennar. Samanburður við önnur lönd, þar sem löng hefð er fyrir náms- og starfsráðgjöf er mjög mikilvægur fyrir stefnumótun og áframhaldandi þróun náms- og starfsráðgjafar á Íslandi. Vert er að skoða í hverju styrkleiki náms- og starfsráðgjafar á Íslandi liggur og hvað mætti læra af reynslu annarra þjóða.

---

<sup>1</sup> Samtök iðndarins hafa haldið úti vefsetrinu [www.idan.is](http://www.idan.is). Þar er að finna lýsingar á námi og störfum í mörgum atvinnugreinum auk þess sem að notendur hafa getað sent inn fyrirspurnir til námsráðgjafa. Vefurinn er til mikillar fyrirmyndar

OECD<sup>2</sup> hefur staðið fyrir úttektum á stöðu náms- og starfsráðgjafar í 14 löndum og hefur gefið út skýrslur er lúta að stefnumótun í náms- og starfsráðgjöf<sup>3</sup>.

### Athugasemdir við greinargerð

Eins og fram kemur í kaflanum um **eflingu náms- og starfsfræðslu** standa fyrir dyrum veigamiklar breytingar á framhaldsskólum með styttingu námsins í þrjú ár. Ekki ætlar FNS að taka afstöðu hér til þeirrar styttingar heldur benda á að hún eykur enn mikilvægi markvissrar og öflugrar náms- og starfsráðgjafar og náms- og starfsfræðslu á báðum skólastigum.

FNS er sammála því sem fram kemur í **niðurstöðu** að brottfall nemenda kostar einstaklinginn mikið, persónulega, fjárhagslega og félagslega, auk þess sem það hefur í för með sér aukinn kostnað fyrir skólakerfið og þjóðfélagið. Í því samhengi er vert að benda á að skilvirkar leiðir í náms- og starfsráðgjöf eru ein af forsendum þess að fólk geti stundað nám og starf farsælega. Til að ná því markmiði er ljóst að náms- og starfsráðgjöf á grunn- og framhaldsskólastigi þarf að efla á Íslandi. Hér er einnig bent á forvarnargildi náms- og starfsfræðslu. Er vísað til rannsóknarniðurstaða dr. Guðbjargar Vilhjálmsdóttur lektors við Háskóla Íslands en þar kemur fram að þeir nemendur sem fengu náms- og starfsfræðslu stóðu sig mun betur í mikilvægum leikniþáttum sem varða markvisst náms- og starfsval, svo sem skipulagðri starfshugsun og markvissum ákvarðanastíl ásamt því að vera ákveðnari um framhaldsnám. Ef náms- og starfsfræðsla fær aukin sess í grunn- og framhaldsskóla, má auka líkur á upplýstu og vel ígrunduðu námsvali í efstu bekkjum grunnskóla og við val á framhaldsmenntun.

FNS leggur mikla áherslu á að menntaðir náms- og starfsráðgjafar starfi í grunn- og framhaldsskólum og sinni náms- og starfsráðgjöf þar sem fag- og sérþekking þeirra liggur m.a. í að styrkja persónuþroska nemenda, efla trú þeirra á eigin færni, gera þá hæfari til að yfirvinna vanda og ná settum markmiðum í námi og starfi og minnka þannig líkur á brottfalli. Í þessu sambandi vísar FNS í álit nefnda á vegum menntamálaráðuneytisins: *Námsráðgjöf og starfsfræðsla. Markmið og leiðir* (1991) og *Efling náms- og starfsráðgjafar* (1998).

---

<sup>2</sup> Career Guidance Policy Review - [http://www.oecd.org/document/20/0,2340,en\\_2649\\_34511\\_32474452\\_1\\_1\\_1\\_1,00.html](http://www.oecd.org/document/20/0,2340,en_2649_34511_32474452_1_1_1_1,00.html)


<sup>3</sup> Career Guidance. A Handbook for Policy Makers (2004) <http://www.oecd.org/dataoecd/53/53/34060761.pdf>

Career Guidance and Public Policy. Bridging the Gap (2004) <http://www.oecd.org/dataoecd/33/45/34050171.pdf>

Greinagerðin gerir góð skil á áherslum tillögunnar varðandi annarsvegar eflingu náms- og starfsráðgjafa í grunn- og framhaldsskólum sem úrræðis gegn brottfalli og hinsvegar fyrir mikilvægi farsæls náms- og starfsvals sem fyrirbyggjandi þáttar. FNS telur mikilvægt að jafnvægi sé á milli þessara tveggja áhersluatriða tillögunnar en í lok niðurstaða greinagerðar má greina áherslubreytingu.. Við það vakna spurningar um hvaða úrræðum skólar búa yfir til að fyrirbyggja brottfall nemenda úr námi? Sú umræða á rétt á sér annars staðar og undir öðrum formerkjum en tilefni þingsályktunarinnar gefur.

Samstarf fagfólks og teymisvinna er mikilvæg þegar hugað er að velferð nemenda, í námslegu og félagslegu tilliti og mikilvægt að hver fagstétt vinni í samræmi við fagþekkingu sína og þess ramma sem að menntakerfið býður.

F. h. Félags náms- og starfsráðgjafa



---

Jónína Kárdal, formaður